



Sveitarstjóri og Oddviti Flóahrepps

Keldnaholt 26. september 2022.

Ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir uppýsandi og gagnlegan fund þann 19. ágúst sl.

Á fundinum ræddum við áhyggjur sveitarstjórnarmanna og landeiganda jarða sem liggja að Sölvafötum og sérstaklega næst því svæði Sölvafлата sem Votlendissjóður hefur sóst eftir framkvæmdaleyfi til endurheimtar votlendi. Áhyggjurnar eru þess eðlis að grunnvatnsstaða á Glóru og Bár muni hækka í framhaldi af slíkri framkvæmd ef gefið væri út leyfi fyrir henni.

Votlendissjóður skilur og virðir slíkar áhyggjur og vill leggja til eftirfarandi verklag og eftirlit þriðja aðila með framkvæmdinni í þeirri von að það liði útgáfu framkvæmdaleyfis.

Votlendissjóður ásamt Landgræðslunni og sérfræðingi í votlendi frá Landbúnaðarháskóla Ísland setja upp 8 mælingarpunkta á hvorri jörð um sig. Fjóra punkta þeim megin sem jarðirnar liggja upp á Sölvafötum og framkvæmdunum og aðra fjóra punkta á þeim endum jarðanna fjærst frá endurheimtinni. Lesið verði af öllum punktum fjórum sinnum á ári fyrstu 24 mánuðina og svo tvisvar á ári næstu þrjú ár, samtals 5 ár .

Komi upp sú staða að framkvæmdinn valdi hækkun á grunnvatnstöðu jarðanna Bár og Glóru sem staðfest væri af lestri þessa mælinga mun Votlendissjóður framkvæma og greiða lagfæringar á framkvæmdinni komi slík beiðni frá sveitastjórn Flóahrepps. Með þessu vill Votlendissjóður tryggja það að landeigendur Bár og Glóru þurfi EKKI að verða fyrir skerðingu landgæða og lagfæringar verði greiddar af sjóðnum komi til þess að grunnvatnsstaða jarðanna taki breytingum.

Sveitarstjórn ætti að hafa önnur gögn sem þarf til að fjalla efnislega um umsóknina og bætist þetta erindi við þau gögn.

Með vinsemd,

Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs.



## Fundur með Votlendissjóði - minnisblað

19. ágúst 2022

Fjarfundur

Mætt: Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri, Árni Eiríksson oddviti og Einar Bárðarson framkvæmdastjóri Votlendissjóðs.

### Punktur frá fundi:

Votlendissjóður óskar eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps endurskoði afstöðu sína til veitingu framkvæmdaleyfis vegna endurheimtar votlendis á Sölvafllötum.

Rætt aðeins um forsögu málsins. Sveitarfélagið leggur áherslu á að aðstæður séu metnar af þar til bærum aðilum til að greina hvort endurheimt votlendis hafi áhrif á nærliggjandi jarðir.

Lögð áhersla á að fá að vita á hvaða hátt verði fylgst með árangri endurheimtar.

Rætt um möguleikann á að framkvæmdin sé gerð í skrefum og ekki gengið lengra en þörf er á hverju sinni. T.d gera tilraunir fyrst með því að stífla skurðina og fá þá aftur greiningu á aðstæðum og hvort það hafi einhver áhrif og ekki þá sé talið óhætt að taka næsta skref.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

1000-989-MIN-001-V01

### DAGS.

16.10.2019

### SENDANDI

Ólafur Árnason  
Helga J. Bjarnadóttir

### VERKHEITI

Matsskylda endurheimtar votlendis

### VERKKAUPI

Votlendissjóður

### DREIFING

Stjórn Votlendissjóðs

## MÁLEFNI

Möguleg matskylda á endurheimt votlendis

### Inngangur

Í bókun Vesturbyggðar vegna endurheimtar votlendis í Fífustaðadal í Ketildölum, segir eftirfarandi:

„Erindi frá Bjarna Jónssyni f.h. Votlendissjóðs. Í erindinu er tilkynnt um áform Votlendissjóðs um endurheimt votlendis í Fífustaðadal, Ketildölum. Jafnframt er í erindinu tilkynnt að æskilegt væri að unnið verði að endurheimt á ríkisjörðunum Selárdal og Uppsölum í Selárdal. Bréfitari vekur athygli á að mikilvægt sé að hafa í huga að ávinningur í loftlagsmálum er mikill og er áætlaður ávinningur við endurheimt í Selárdal og Uppsölum um 818 tonn af CO2 ígildum á hverju ári. Heildar ávinningur framkvæmda í Selárdal og Fífustaðadal er áætlað um 1.958 t af CO2 ígildum á ári samkvæmt bréfitara.

Skipulags- og umhverfisráð Vesturbyggðar getur ekki mælt með að endurheimt votlendis fari fram á um 57 hektara svæði í Fífustaðadal í Ketildölum og telur auk þess að framkvæmdin sé háð framkvæmdaleyfi og sé tilkynningarskyld sem framkvæmd í flokki B til Skipulagsstofnunar.

Ennfremur telur ráðið ekki tímabært að farið verði í endurheimt votlendis á jörðunum Uppsalir og Selárdal sem einnig eru í Ketildölum. Skipulags- og umhverfisráð telur brýnt að áður en heimildir verði gefnar til einstaka landeigenda um endurheimt votlendis, verði farið í stefnumótun í sveitarfélaginu um endurheimt votlendis og í framhaldi af því að forgangsröðun svæða fari fram með tilliti til mögulegrar kolefnisjöfnunar og landbúnaðar á þeim svæðum sem um ræðir og að auki hafi farið fram ítarlegar rannsóknir á mögulegri losun á svæðunum“

Í þessu minnisblaði er farið yfir líkur þess að um sé að ræða tilkynningarskylda framkvæmd og fjallað um hvaða skref séu ráðleg sem viðbrögð við þessu erindi.

### Möguleg matskylda í samanburði við framkvæmdir í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum

Í bókun sveitarfélagsins er ekki vísað sérstaklega til þess hvaða liður sveitarfélagið telji eiga við. Eftirfarandi liðir í viðauka 1 eru taldir koma til greina, en báðir vísa til tilkynningarskyldu samkvæmt flokki B:

- Töluliður 1.01: Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha eða stærra landsvæðis.
- Töluliður 1.04: Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.m.t. áveitu- og framræslufrámkvæmdir, sem hafa áhrif á 3 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

Við yfirferð á þeim framkvæmdum sem tilkynntar hafa verið til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um mats skyldu og aðgengilegar eru í gagnagrunni umhverfismats á heimasíðu stofnunarinnar fundust ekki hliðstæðar framkvæmdir, þ.e. endurheimt votlendis eða annarra vistkerfa.

Þegar óvissuatriði sem þessi koma upp, þar sem óskýrt er hvort framkvæmdin falli undir mat á umhverfisáhrifum túlkun lítur Skipulagsstofnun til fyrri mála sem stofnunin hefur fjallað um og einnig til túlkunar á viðaukum tilskipunar Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum<sup>1</sup>

Í túlkun Evrópusambandsins á ofangreindum töluliðum Evrópusambandsins var farið yfir eftirfarandi þætti: (a) Projects for the restructuring of rural land holdings (bls. 37) og (c) Water management projects for agriculture, including irrigation and land drainage project (bls. 39).

Við yfirferð á þessum töluliðum og túlkun þeirra er ekkert sem bendir til að endurheimt votlendis myndi falla þar undir. Í fyrri liðnum er verið að líta til umtalsverðra breytinga á landbúnaðarlandi þar sem breytingar fela í sér verulega umbyltingu lands, sameiningu og þar með stækkun landspilda (túnspilda/túnreita) sem felur í sér eyðingu á útmörkum landbúnaðarsvæða „field boundaries“, sem oft eru vistfræðilega mikilvæg og áberandi landslagseinkenni, og að umbreytingin feli í sér breytingu yfir í stórfelldan landbúnað (intensive agricultural purposes). Í seinni liðnum er um að ræða vatnsstjórnunarframkvæmdir í þeim tilgangi að stunda landbúnað, ekki vegna annarrar starfsemi.

Við leit í gegnum túlkun Evrópusambandsins á viðaukum MÁU tilskipunarinnar fannst ekki tilvísun í endurheimt votlendis eða vistkerfa undir öðrum liðum. Því er það niðurstaða þessa minnisblaðs að endurheimt votlendis falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er talið að framkvæmd sem þessi sé framkvæmdaleyfis skyld líkt og aðrar framkvæmdir sem fela í sér jarðvinnu.

Þar sem um mögulegt fordæmi er að ræða er mælt með því að senda Skipulagsstofnun fyrirspurn um þetta mál. Fyrirspurninni þyrfti að fylgja lýsing á framkvæmdinni. Jafnframt er heimilt að senda með niðurstöður votlendissjóðs um hvernig hann telji að túlka beri löginn sem Skipulagsstofnun myndi þá taka til athugunar ásamt öðrum gögnum málsins.

<sup>1</sup> EU 2015: Interpretation of definitions of project categories of annex I and II of the EIA Directive. Sjá slóð: <https://publications.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/5b397b1b-de12-11e6-ad7c-01aa75ed71a1/language-en>

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Einar Þór Bárðarson - LBHI <einarb@votlendi.is>  
**Sent:** 16. ágúst 2022 15:15  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Cc:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Erindi til sveitastjórnar Flóahrepps  
**Attachments:** Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat. 1507\_2022.pdf; Sveitastjórn Flóahrepps.pdf; Matsskylda endurheimtar votlendis.docx; Verkáætlun Sölvaflatir-1.pdf; Svar við erindi vegna endurheimtar votlendis við Gaulverjabæjarveg-2.pdf; Um\_endurheimt\_votlendis.pdf; scan0002.pdf; Kolefnisspor-Suðurland-200416.pdf

Sveitastjóri Flóahrepps  
Hulda Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri Votlendissjóðs óskar eftir því með vinsemd að sveitarstjórn Flóahrepps endurskoði ákvörðun sína um að hafna ósk landeiganda Sölvahólts um endurheimt votlendis á landi sínu frá 12.05.2022. Sveitarstjórn setti fram í bréfi sínu nokkur atriði sem rökstuðning um að hafna útgáfu framkvæmdaleyfis og eru þau atriði ávörpuð í umsókninni sjálfri.

Símanúmerið mitt er hér að neðan ef einhver gögn vantar eða ef einhverjar spurning vakna við skoðun erindisins. Umsóknin er á PDF skjali merkt Sveitastjórn Flóahrepps þá fylgja nokkur gögn með henni.

1. Umsögn Vegagerðarinnar um fyrirhugaða framkvæmd
2. Matsskylda endurheimt votlendis, minnisblað sem tekið var saman fyrir Votlendissjóð 2020 í kringum sambærilega stöðu í Vesturbyggð.
3. Verkáætlun sem unnin var af Landgræðslunni
4. Skannað eintak af samningum milli landeigenda og Votlendissjóðs
5. Skýrsla um Kolefnisspor sveitarfélaga á Suðurlandi unninn af Stefáni Gíslasyni fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurlandi og gefin út í apríl 2020.
6. Um endurheimt votlendis - skipulag og leyfi, gefið út af Skipulagsstofnun
7. Áhrif aðgerða í loftslagsmálum Kostnaðar- og ábatamat. Ný skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem birt var í júlí á þessu ári, en samkvæmt henni eru skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis hagkvæmustu loftslagsaðgerðir stjórnvalda.

Með von um jákvæð og skjót viðbrögð

Einar Bárðar



Sveitastjórn Flóahrepps

Þingborg

801 Selfoss

Keldnaholt 15. ágúst 2022.

Framkvæmdastjóri Votlendissjóðs óskar eftir því með vinsemi að sveitarstjórn Flóahrepps endurskoði ákvörðun sína um að hafna ósk landeiganda Sölvahólts um endurheimt votlendis á landi sínu frá 12.05.2022. Sveitarstjórn setur fram í bréfi sínu nokkur atriði sem rökstuðning um að hafna útgáfu framkvæmdaleyfis og eru þau atriði ávörpuð hér að neðan:

**1. Að ekki liggi fyrir stefna sveitarstjórnar Flóahrepps í endurheimt votlendis**

Í leiðbeiningum frá Skipulagsstofnun um skipulag og leyfi vegna endurheimt votlendis segir:

*Endurheimt votlendis er meðal lykilaðgerða í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, sem er talin geta skilað umtalsverðum loftslagsávinningi. Með endurheimt votlendis er framræst land fært í fyrra horf og gróðurhúsalofttegundir bundnar í mýrlendi til lengri tíma. Um leið eru votlendi fjósöm og mikilvæg vistkerfi sem miðla vatni og eru búsvæði margra íslenska varpfugla, farfugla og vetrargesta. Votlendi eru þessvegna jafnframt kjörlendi til fuglaskoðunar. Það fæst því margþættur ávinningur af verndun og endurheimt votlendis.*

*Þótt ekki sé vikið sérstaklega að endurheimt votlendis í aðalskipulagi, geta slíkar framkvæmdir verið í samræmi við skipulagið, ef þær samræmast þeirri stefnu sem gildir í aðalskipulaginu um viðkomandi svæði. Til dæmis myndi stefna í aðalskipulagi um landbúnaðarsvæði almennt gefa svigrúm fyrir endurheimt votlendis.*

**2. Að fyrir liggi einföld hæðarmæling án faglegs rökstuðnings eða upplýsinga um áhrif hækkunar grunnvatnsstöðu á nærliggjandi jarðir og hvernig verja eigi Gaulverjabæjarveg.**

Elín Erlingsdóttir, landfræðingur og eigandi fyrirtækisins Landnot sendi frá sér eftirfarandi skýringar á landmælingum á landhluta Sölvafлата. Dags 22. júní 2022.

*Um forsendur hæðarmælingar með Trimble GeoXH6000 í landi Sölvafлата, á svæði miðsvæðis milli lands Glóru og Bár í Flóahreppi. Mælitækið sem notað var við mælinguna heitir Trimble GeoXH6000, það mælir við bestu aðstæður með skekkjumörkum 10-30 cm lárétt en lóðrétt eru skekkjumörkin víðari (eins og reyndar í öllum mælitækjum en þó minni ef um langtímamælingu sé að ræða). En þó er hægt að draga öruggar ályktanir um meðaltalshæðarmun innan sömu mælingarinnar, eða að halli landsins sé að meðaltali í einhverja ákveðna átt.*

*Niðurstöður mælingarinnar í landi Sölvafлата sýna að á um 1200m línu sem liggur nánast N/S (norður/suður) sé heildaræðarmunur um 2,7 m. úr NNV til SSA. Hallinn virðist nokkuð jafn þegar skoðaðar eru hæðartölur vítt og breytt um svæðið, en ekki þó algjörlega línulegur. Þetta er lítill halli, eða um 0,00225m (2,25mm) á hvern lengdarmeter. Í jafn lítið hallandi landi og þarna er um að ræða auk þess sem yfirborð landsins er mjög þýft og landið milli þúfnanna einnig ójafnt af þeim sökum. Þegar hugsað er um rennsli vatns á þessari línu er ljóst að*

jarðvegsþéttleiki og gerð jarðvegsins hafa hamlandi áhrif á vatnsrennsli og einnig grunnvatnshæð sem er breytileg frá einni árstíð til annarrar eða einu veðurfarslegu tímabili til annars.

Vegna þýfis og lítils halla svæðisins er líklegt að enn nákæmari mælitæki myndu sýna svipaða niðurstöðu, halla í sömu átt og sama meðalhalla í heildina, en þó gæti verið við þéttari niðurstöðunni mælipunkta að fram kæmu bungur og lægðir sem erfitt er að greina á staðnum.

Hvað varðar áhrif endurheimtar votlendis á Gaulverjabæjarveg. Ekki stendur til að loka skurði er liggur samsíða veginum. Þess ber að geta þá leitaði Votlendissjóður til sérfræðinga Vegagerðarinnar á Vesturlandi í tengslum við endurheimt votlendis á landi Berserkseyri á Snæfellsnesi um hugsanleg áhrif á veg nr.54. Í skriflegu svári sérfræðinga Vegagerðinnar frá janúar 2022, var mat þeirra að engin áhrif yrðu á vegstæðið þó að endurheimt yrði votlendi á jörðinni Berserkseyrar sunnan og norðan við stofnveg nr.54.

Sjá jafnframt afrit af bréfi Ragnars Frank Kristjánssonar frá mars 2022 en þar kemur fram að fyrirhuguð endurheimt á landi Sölvholt fer fram að minnsta kosti 65 metrum frá Gaulverjabæjarvegi og 65 metrum frá landamörkum nágretta jarða.

### 3. Að framkomnar skýrslur og rannsóknir Landbúnaðarháskóla Ísland um að áhrif framræsts votlendis á langtíma losun kolefnis séu töluvert minni en fullt yrft hefur verið.

Ég leyfi mér hér að vitna í grein Árna Bragasonar Landgræðslustjóra úr Bændablaðinu 23. júní sl. þar sem Landgræðslustjóri gagnrýnir harðlega framsetningu rannsakenda Landbúnaðarháskóla Ísland og Bændablaðsins á þeim gögnum sem lágu fyrir í þeirri rannsókn:

*Nýlega var til umfjöllunar í Bændablaðinu skýrsla annars rannsóknahóps innan Landbúnaðar- háskóla Íslands, „Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi“.*

Rannsóknarmarkmið hópsins voru þrjú:

1. Að greina breytileika í langtíma kolefnislosun framræsts lands eftir jarðvegsgerðum.
2. Að þróa viðurkennda íslenska losunarstuðla fyrir framræst ræktarland.
3. Að greina mögulegan breyti- leika í kolefnisbúskap eftir öðrum umhverfisþáttum og ræktunaraðferðum.

*Hér þarf fyrst að draga fram að votlendisjarðvegur á Íslandi skiptist í þrjá meginflokka og hver þessara meginflokka er mismunandi að eiginleikum og efgera á marktæka rannsókn til að varpa ljósi á þessa eiginleika, þá verður að miða fjölda sýnatökusvæða við það, þ.e. sýna fjöldi þarf að vera í tugum talið úr hverri landgerð.*

*Í fyrrnefndri rannsókn Landbúnaðarháskólans eru aðeins borin saman tvö svæði innan sama landshluta sem hvort um sig eru afar ólík, bæði hvað varðar ræktun sem og landnýtingu. Ekki er heldur ljóst um hvers konar votlendisjarðveg er að ræða sem hefur í upphafi verið ræstur fram, svæðin tvö eru því ósamanburðarhæf. Þetta atriði eitt og sér veldur því að útilokað er að draga einhverjar ályktanir af þessum niðurstöðum sem væri hægt að nýta til að áætla núverandi loftslagsáhrif vegna ræktunar. Til viðbótar reyndist ekki unnt að mæla jarðvegsþykkt framræsta landsins og einnig kom í ljós að jarðvegur hafði verið fluttur inn á annað rannsóknasvæðið. Niðurstöður rannsóknarinnar og ályktanir byggðar á þeim eru því vafasamar, í besta falli. rannsókn tæplega neinu þriggja meginmarkmiða sinna: Hún gefur engar upplýsingar um breytileika í langtímakolefnislosun, niðurstöðurnar er ekki hægt að nota til að reikna viðurkennda losunarstuðla, og hún gefur ekki neinar upplýsingar sem má nota til að meta breytileika eftir öðrum umhverfisþáttum.*


*Umfjöllun Bændablaðsins og mistúlkun horfir algjörlega framhjá fyrirvörum sem skýrsluhöfundar settu fram í skýrslunni. Látið var að því liggja að þarna væru komnar tímánótaniðurstöður sem eigi að nota til að endurskoða loftslagsáhrif sem fylgja nýtingu á framræstu landi, og að þau séu nú ofmetin. Umfjöllunin hratt af stað umræðu á samfélagsmiðlum og í öðrum fjölmiðlum sem átu upp mistúlkunina og hömpuðu skýrslunni sem mikilvægu innleggi og að það væri bara bull að endurheimta framræst votlendi. Allt sett fram að því er virtist án þess að kynna sér efni skýrslunnar eða önnur gögn.*

*Það voru mikil vonbrigði að Landbúnaðarháskólinn skyldi ekki leiðrétta þær mistúlkningar sem fram komu í Bændablaðinu og teknar voru upp í sama blaði af þingkonu nokkru síðar.*

Við þetta má svo bæta að Votlendissjóður, í samvinnu við verkfræðistofuna EFLU og fremsta fagfólk Landgræðslunnar, er nú að leggja lokahönd á innleiðingaverka fyrir alþjóðlega vottun á kolefnisseiningar sem vinnast með endurheimt votlendis á vegum sjóðsins. Þessi framkvæmd mun fylgja þeim ferlum og mun framkvæmdin verða með fyrstu alþjóðlega vottuðum og viðurkenndum framkvæmdunum hér á landi.

Það er einlæg von mín að sveitarstjórn Flóahrepps taki þessar athugasemdir mínar til greina og endurskoði afgreiðslu sína frá því 12. maí 2022 og taki sér þannig stöðu meðal fremstu sveitarfélaga landsins í loftslagsmálum og endurheimt vistkerfa.

Með von um jákvæð viðbrögð.




Einar Bárðarson,

Framkvæmdastjóri Votlendissjóðs  
Sími 618 9000

Votlendissjóðurinn hefur það hlutverk að vinna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis og vera milliliður milli þeirra sem eiga framræst land og vilja endurheimta það og þeirra sem vilja leggja til fjármagn eða vinnu til að láta endurheimta votlendi. Verndari Votlendissjóðsins er Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson.

Nánari upplýsingar á <http://www.votlendi.is>



**Votlendissjóður**

Árleyni 22

112 REYKJAVÍK

s.: 618 9000

b.t. Einars Bárðarsonar, framkvæmdastjóra

netfang: [ainarb@votlendi.is](mailto:ainarb@votlendi.is)**Umhverfis- og tæknisvið uppsveita**

Dalbraut 12

840 LAUGARVATNI

[utu@utu.is](mailto:utu@utu.is)

b.t. Stellu Rúnarsdóttur

[stella@utu.is](mailto:stella@utu.is)

Síða 1/1

**Svar við erindi vegna endurheimtar votlendis við Gaulverjabæjarveg (33-01) í Flóahreppi.**

Vegagerðin hefur móttækið tölvupóst dags 1.11.2021 vegna endurheimtingu svæðis fyrir Votlendissjóð í landi Sölvaflatar við Gaulverjabæjarveg (33-01) í Flóahrepp.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við verkáætlun vegna endurheimtingu svæðis fyrir Votlendissjóð, en bendir á að tryggja skal að framkvæmdinni verði þannig háttað að ekki verði hætt á uppsöfnun vatns innan öryggissvæða vega.

Velkomið er að hafa frekara samráð við tæknideild Vegagerðarinnar á suðursvæði.

Afrit sent á sveitarfélagið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin  
Suðúrhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift



## Samstarfssamningur um endurheimt votlendis milli Votlendissjóðsins og eigenda Sölvaflata í Flóahreppi, landnúmer 221040

Votlendissjóðurinn kt. 620518-1230, Keldnaholti, 112 Reykjavík og fulltrúar eigenda jarðarinnar Sölvaflatir, landnúmer 221040 og fastanúmer 234-6967 þeir Jón Þórðarson 011040-4119 og Sigfús Kristinsson 270532-3069 hér eftir nefndir landeigandi, gera með sér eftirfarandi samning um endurheimt votlendis.

Markmið verkefnisins er endurheimt votlendis á jörðinni Sölvaflatir sem hefur Landanúmer 221040, til að endurheimta þá virkni sem skerst eða glatast hefur við rask/framræslu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samningur þessi tekur til afmarkaðs svæðis innan jarðarinnar. Svæðið er afmarkað á korti sem fylgir samningi þessum og telst hluti hans.




### Skyldur Votlendissjóðsins og einstakir þættir verkefnisins:

1. Votlendissjóðurinn fær til þess bærann aðila til þess að:
  - a. meta losun gróðurhúsalofttegunda á hinu samningsbundna landi.
  - b. skilgreina þær framkvæmdir sem þarf að ráðast í samráði við landeigendur.
  - c. skilgreina á loftmynd þau svæði á landareigninni sem þarf að vakta í 3 ár.
  - d. taka út framkvæmdir í lok framkvæmdatímabils sem staðfesta að votlendið hafi verið endurheimt í samræmi við verklýsingu.
  - e. Leitast við að fjarlægja gaddavírs leifar af landinu eins og hægt er í takt við framkvæmdir sjóðsins.
2. Annast samninga við aðila við framkvæmd við endurheimt og greiða kostnað vegna þeirra.
3. Veita staðfestingu á stöðvun losunar til þess aðila sem kostaði framkvæmdirnar.
4. Tilkynna sveitafélaginu Flóahreppi um framkvæmdina.
5. Tilkynnir og vinnur skrásetningu framkvæmdarinnar til Landgræðslunnar sem sér um utan um hald endurheimtar á Íslandi fyrir umhverfisráðuneytið.

### Skyldur landeiganda:

Landeigandi skuldbindur sig til að raska ekki svæði því sem endurheimt er með samningi þessum að lágmarki í 10 ár frá gildistöku hans. Með raski er átt við framkvæmdir sem lækka vatnsstöðu svæðisins sem nokkru nemur. Aðrar framkvæmdir eru landeiganda almennt heimilar. Þá skal varúðar gætt við alla meðferð, umferð og umgengni á svæðinu, þannig að slíkt lækki ekki vatnsstöðu á svæðinu.

Breytist aðstæður hjá landeiganda og hann telji nauðsynlegt að ræsa fram hið samningsbundna land að hluta til eða öllu leyti, innan samningstíma, skuldbindur hann sig til, í samstarfi við Votlendissjóðinn, annað hvort að endurheimta sambærilegt flatarmál framræsts votlendis og það samningsbundna land sem raskað er, á sinn kostnað eða greiða Votlendissjóðnum fyrir að endurheimta sambærilegt flatarmál.



Með vísan í náttúru verndar lög nr. 60/2013, og síðari breytingar, er votlendi verndað sérstaklega og ber landeigendum því að tilkynna framræslufrákvæmdir sem hafa áhrif á 2 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum til Skipulagsstofnunar.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna allar framræslufrákvæmdir sem hafa áhrif 3 ha svæði eða meira til viðkomandi sveitarstjórnar. Landeigenda er því óheimilt að raska frákvæmdinni nema sérstök heimild hafi fengist fyrir því.

### Frekari samningsákvæði Votlendissjóðsins og landeiganda

1. Votlendissjóðurinn gerir hér með samning við landeiganda um að endurheimta afmarkað votlendi í landi 221040. Um er að ræða samtals 70 hektara og stöðvun á árlegri losun uppá um 1400 tonn af koldíoxíð.
2. Votlendissjóðurinn mun sjá um endurheimt og allar greiðslur þess kostnaðar sem til fellur.
3. Votlendissjóður og samstarfsaðilar mæla og meta losun jarðarinnar fyrir endurheimt og í kjölfar endurheimtar til staðfestingar á árangri.
4. Votlendissjóðurinn annast vöktun á skilgreindu svæði í þrjú ár til að tryggja að frákvæmdirnar skili árangri.

Starfsmenn Votlendissjóðsins og aðilar sem hugsanlega eru fengnir til að vinna einstaka þætti verksins skulu hafa fullan aðgang að hinu samningsbundna svæði í lögmætum tilgangi, þ.e. til allra nauðsynlegra aðgerða í tengslum við endurheimt votlendis. Í þessu felst m.a. heimild til uppsetningar og viðhalds tækjabúnaðar til tímabundinna mælinga á losun/bindingu gróðurhúsalofttegunda og grunnvatnshæð. Að sama skapi skal starfsmanni sjóðsins, eða aðila á hans vegum, tryggður aðgangur að svæðinu til eftirlits með frákvæmd samnings þessa á gildistíma hans.

Samningur þessi er óuppsegjanlegur báðum aðilum á samningstímanum. Brjóti annar samningsaðili ítrekað gegna samningsskuldbindingum sínum hefur hinn aðilinn heimild til að rifta samningi þessum. Skilyrði þess er að sannanlega hafi verið skorað á gagnaðila að bæta úr brotum á samningsskuldbindingum innan hæfilegs frests og tekið fram að ef það verði ekki gert muni samningi vera rift. Við riftun kann hvor aðili að eiga endurkröfu á hinn í samræmi við almennar reglur.

### Eign kolefnisstöðvunar endurheimtarinnar:

Votlendissjóður á alla stöðvun gróðurhúsalofttegunda sem framkallast við frákvæmdina í átta almanaks ár frá verklokum endurheimtarinnar og nýtir og ráðstafar í sínu kolefnisbókhalði. Þannig fjármagnar Votlendissjóður sínar frákvæmdir, vöktun og vottun.

Að liðnum fullum átta samningsbundnum árum, sjá hér að ofan, flyst eign kolefnisstöðvunarinnar að fullu yfir á löglega eigendur jarðarinnar á þeim tíma. Eigendum jarðarinnar er þá frjálst, eftir því sem lög og reglur heimila hverju sinni að selja stöðvunina áfram á opnum markaði eða nýta stöðvunina til kolefnisjöfnunar á eigin starfsemi eða tengdri.

### Kynning verkefnisins:

Votlendissjóðnum og landeiganda er heimilt að greina frá verkefninu opinberlega og sýna myndir af umræddu svæði.



**Almenn ákvæði:**

Samningur þessi gildir í 10 ár. Komi upp ágreiningur milli aðila samnings þessa skal leitast við að jafna hann eins og kostur er. Mál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar samnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila samningsins og eitt, ritað á löggiltan skjalapappír, til þinglýsingar.

*Gl. 28.07.21*

Staður og dags.

**F.h. Votlendissjóðsins**

Einar Þór Bárðarson, 180372-3939

**Landelgendum**

Sigríus Kristinnsson 270532-306

*Elísabet Anna Jónsdóttir*

**Elísabet Anna Jónsson 110676-5069**

**Skipaður ráðsmaður fh. Jóns**

**Þórðarsonar, kt. 011040-4119 af**

**Sýslumanni.**


**Vitundarvottar (nafn og kennitala)**

---

020872-4979

---

060572-3647



© Jóhann Óli Hilmarsson / 2011

## UM ENDURHEIMT VOTLENDIS – SKIPULAG OG LEYFI

Endurheimt votlendis er meðal lykilaðgerða í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, sem er talin geta skilað umtalsverðum loftslagsávinningi. Með endurheimt votlendis er framræst land fært í fyrra horf og gróðurhúsalofttegundir bundnar í mýrlendi til lengri tíma.

Um leið eru votlendi frjósöm og mikilvæg vistkerfi sem miðla vatni og eru búsvæði margra íslenska varpfugla, farfugla og vetrargesta. Votlendi eru þessvegna jafnframt kjörlendi til fuglaskoðunar.

Það fæst því margþættur ávinningur af verndun og endurheimt votlendis. Talsverð tækifæri eru til endurheimtar votlendis víða um land, þar sem stór hluti þess lands sem ræst hefur verið fram er ekki nýtt til landbúnaðarframleiðslu.

Við undirbúning endurheimtar votlendis þarf að skoða hvernig hún fellur að skipulagi viðkomandi svæðis og hvort hún er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

---

## AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA

---

Áður en hafist er handa við að endurheimta votlendi þarf að skoða samræmi þeirra áforma við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags. Upplýsingar um gildandi aðalskipulag má nálgast í skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, <http://www.map.is/skipulag/>

Sveitarstjórnir geta sett fram stefnu um endurheimt votlendis í aðalskipulagi. Slík stefna getur falist í almennri stefnumörkun og mögulega nánari stefnu þannig að tilgreind séu tiltekin svæði þar sem stefnt skal að endurheimt votlendis. Skýr stefna í aðalskipulagi getur verið mikilvæg leiðbeining til hagsmunaaðila um hvaða svæði henta fyrir endurheimt votlendis.

Þótt ekki sé vikið sérstaklega að endurheimt votlendis í aðalskipulagi, geta slíkar framkvæmdir verið í samræmi við skipulagið, ef þær samræmast þeirri stefnu sem gildir í aðalskipulaginu um viðkomandi svæði. Til dæmis myndi stefna í aðalskipulagi um landbúnaðarsvæði almennt gefa svigrúm fyrir endurheimt votlendis.

Þegar unnið er að aðalskipulagi má nýta skipulagsferlið til að eiga samráð við hagsmunaaðila til að móta stefnu um endurheimt votlendis, svo sem um það hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar þegar tekin er afstaða til einstakra framkvæmdaáforma. Einnig er hægt að tilgreina tiltekin svæði sem komi til álita fyrir endurheimt votlendis og draga fram líkleg áhrif af endurheimt votlendis á umhverfið og aðra landnotkun.



© Jóhann Óli Hilmarsson / 2010

---

## FRAMKVÆMDALEYFI

---

Leita skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess. Endurheimt votlendis er dæmi um framkvæmd sem getur verið háð framkvæmdaleyfi. Af þeim sökum er mikilvægt að tilkynna áform um endurheimt votlendis til skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags, til að fá úr því skorið hvort afla þurfi framkvæmdaleyfis.

Við mat sveitarstjórnar á því hvort framkvæmd skuli háð framkvæmdaleyfi skal m.a. hafa til hliðsjónar stærð þess svæðis sem í hlut á og áhrif á landslag og önnur umhverfisáhrif.

Telji sveitarstjórn tiltekið verkefni við endurheimt votlendis vera háð framkvæmdaleyfi, getur hún jafnframt ákveðið að áður en tekin er afstaða til leyfisumsóknar skuli fara fram grenndarkynning fyrir hagsmunaaðilum, svo sem umráðamönnum aðliggjandi landsvæða.

Um gögn vegna framkvæmdaleyfisumsókna og afgreiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi sem er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar, [skipulag.is](http://skipulag.is).

---

## LANDSKIPULAGSSTEFNA

---

Þótt ekki sé sérstaklega mörkuð stefna um endurheimt votlendis í Landsskipulagsstefnu 2015–2026, fellur endurheimt votlendis vel að þeim áherslum sem þar eru lagðar á varðveislu náttúrugæða, sem geti meðal annars fallist í vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs.

Nú er unnið að nánari stefnumótun um skipulagsmál með áherslu á þrjú viðfangsefni skipulagsgerðar: Loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Gert er ráð fyrir að afgreiða hana sem viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu. Umfjöllun um þessa þætti mun fléttast inn í viðfangsefni gildandi landsskipulagsstefnu og fela í sér leiðbeiningar um hvernig má beita skipulagsgerð meðal annars til að tryggja viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum og til að stuðla að því að tekið sé tillit til landslags við útfærslu byggðar og framkvæmdir. Þar verður sett fram nánari stefna og leiðbeiningar um hvernig fara skal með endurheimt votlendis í skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

---

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

---

Endurheimt votlendis fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Það gerir hinsvegar framræsla lands, en vatnsstjórnunarframkvæmdir eins og áveitu- og framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á 3 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum, eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, sem tekur ákvörðun um hvort þær skuli háðar umhverfismati.

Þótt endurheimt votlendis falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum er fullt tilefni til að í tilkynningu til sveitarstjórnar um áformaða endurheimt votlendis, sé gerð grein fyrir líklegum áhrifum verkefnisins á náttúru og vatnafar á framkvæmdasvæðinu og landi umhverfis það, sem og væntum ávinningi í loftslagsmálum.



# Verkáætlun endurheimtarsvæðis fyrir Votlendissjóð

**Svæði:** Sölvaflatir, Flóahreppur

**Tengiliður Landgræðslunnar:** Sigurjón Einarsson

**Úttekt:** Helga Lucie Káradóttir

## Almennt um verkið

Svæðið er um 70 ha að stærð og um er að ræða skurði sem eru í heildina um 11.770 m að lengd. Svæðið liggur í miklum flata og inn í miðju skurðarkerfi í Flóanum. Skurður norðan reiðvegjar er hluti af Flóaáveitu eftir bestu vitund starfsmanna Landgræðslunnar og er því friðaður en restin af skurðunum tilheyrir ekki því kerfi og því í lagi að vinna með þá. Syðsti skurður (ekki merktur á korti en liggur skáhalt að svæðinu) er landamerkjaskurður og því ekki ráðlegt að loka honum nema með leyfi nággranna.

Loka skal skurðaendum sem liggja opnir út í aðra skurði með „tappa“/stíflu úr gróðurtorfum og vanda vel til verka þar.

Athuga þarf hvort fylla eigi upp í skurð sunnan við reiðveg, hann er ekki innan veghelgunarsvæðis en vert að meta hvort eigi að fylla upp í hann eður ei.

Vatnsveita liggur rétt austan við skurðanetið samkvæmt sveitarfélagsuppdrætti Flóahrepps (<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=126368021074195473401>). Gott er að fá nánari staðsetningu á henni eða vita dýptina til að koma í veg fyrir röskun á veitunni.

Atriði sem við mælum með að fjarlægja af svæðinu áður en verður framkvæmt:


- Mikið af girðingum, bæði heilum neta- og rafmagnsgirðingum, einnig gamalt girðingarefni og gamlir staurar.
- 3 baðkór í skurðum
- Bárujárnsplötur og leifar af stóru rafmagnskefli.

**Almennt skal fylgja útgefnum leiðbeiningum Landgræðslunnar um lokun skurða og frágangi á raski með dreifingu gróðurtorfa ásamt öðru sem þar stendur.**



## Svæði 1

Á meðfylgjandi mynd eru skurðir flokkaðir eftir stærð ruðninga en þar sem ruðningar eru engir eða lítilsháttar þarf að **stífla skurði með reglulegu millibili** (aldrei meira en 20m millibili þó) en þar sem ruðningar eru töluverðir/miklir ætti að vera nægt efni til uppfyllingar á skurðum ásamt gerð þverbanda. Svæðið hallar örlítið til vesturs og því gott að setja þverbönd þvert á skurði.



### Sölvaflatir

Ábyrgðarmaður Halga Lucie Káradóttir  
Tölvupóstur heilga@ucd.is  
Sími 488-3000

Stærð ruðninga  
— Ath  
— Englir  
— Lítlir  
— Miklir  
— Töluverðir



0 100 200 300 400 m

Landgræðslan, 24 mars 2021 / Grunnmynd © Loftmyndir ehf. [M]

Mynd 1 Kortið sýnir stærð ruðninga.

Ruðningar sem **merktir eru rauðir** á mynd hafa sumsstaðar enga ruðninga og annarsstaðar ruðninga sem safnað hefur verið saman í hóla, sjá loftmynd fyrir neðan.

